

PERSÓNUVERNDARSTEFNA

Trucks ehf.

Útgáfa 1.0

Dagsetning: 3.júní 2026

1. Inngangur

Persónuverndarstefna þessi lýsir því hvernig Trucks ehf. (hér eftir Trucks, félagið eða við) safnar, vinnur og varðveitir persónuupplýsingar einstaklinga sem eiga viðskipti við félagið, eru forsvarsmenn eða raunverulegir eigendur viðskiptamanna félagsins, eða eiga samskipti við félagið með öðrum hætti.

Stefnan er sett til að uppfylla skyldur félagsins samkvæmt lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, sem innleiða persónuverndarreglugerð Evrópusambandsins (GDPR) á Íslandi, sem og öðrum lögum sem mæla fyrir um vinnslu persónuupplýsinga í starfsemi félagsins.

2. Ábyrgðaraðili

Trucks ehf. er ábyrgðaraðili vinnslu persónuupplýsinga skv. þessari stefnu.

Heiti	Trucks ehf.
Kennitala	590521-1080
Lögheimili	Suðurhraun 10, 210 Garðabær
Tengiliður persónuverndar	Friðrik Fraser fjármálastjóri og regluvörður
Netfang	fridrik@trukkur.is
Sími	893-1224

3. Hvaða persónuupplýsingum við söfnum

Trucks ehf. safnar og vinnur eftirtaldar persónuupplýsingar:

3.1 Almennar viðskiptaupplýsingar

- Nafn og kennitala
- Lögheimili og póstnúmer
- Símanúmer og netfang
- Starfsheiti og atvinnurekandi (þegar einstaklingur kemur fram fyrir hönd lögaðila)
- Bankaupplýsingar í tengslum við greiðslur (reikningsnúmer þaðan sem greiðsla berst)

3.2 Áreiðanleikakönnunarupplýsingar (skv. peningaþvættislögum)

Til viðbótar safnar félagið eftirtöldum upplýsingum þegar lög nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka krefjast þess:

- Afrit gildra persónuskilríkja meginregla er rafræn skilríki en einnig ef þörf er á vegabréf eða ökuskírteini.
- Upplýsingar um raunverulega eigendur lögaðila
- Upplýsingar um stjórn mála teg tengsl (PEP-stöðu) og tengsl við þvingunarlistasvæði
- Upplýsingar um tilgang viðskiptanna og uppruna fjármuna
- Lánaupplýsingar þegar viðskipti tengjast fjármögnun

3.3 Upplýsingar um ökutæki

- Tegund, módel, árgerð, verksmiðjunúmer, skráningarnúmer
- Saga eignarhalds (þegar félagið kaupir notað tæki)

4. Tilgangur vinnslunnar og lagagrundvöllur

Trucks ehf. vinnur persónuupplýsingar í eftirfarandi tilgangi og á eftirfarandi lagagrundvelli:

Tilgangur	Lagagrundvöllur	Tilv.
Samningagerð og afhending ökutækja	Framkvæmd samnings	9. gr. (b)
Áreiðanleikakönnun og varnir gegn peningaþvætti	Lagaskylda — lög 140/2018	9. gr. (c)
Skimun gegn þvingunarlistum	Lagaskylda — lög 68/2023	9. gr. (c)
Tilkynningar til SFL	Lagaskylda — lög 140/2018	9. gr. (c)
Bókhald og virðisaukaskattsskil	Lagaskylda — bókhaldslög, virðisaukaskattslög	9. gr. (c)
Markaðssetning til þekktra viðskiptavina	Lögmætir hagsmunir (eða samþykki)	9. gr. (f) / (a)
Innheimta og málarekstur ef nauðsynlegt er	Lögmætir hagsmunir	9. gr. (f)

Lögmætum hagsmunum félagsins er ávallt vegið móti hagsmunum og grundvallarréttindum hins skráða, og slík vinnsla fer aðeins fram þegar hagsmunir félagsins vega þyngra.

5. Vinnsluaðilar og miðlun til þriðju aðila

Trucks ehf. nýtir þjónustu eftirfarandi vinnsluaðila sem vinna persónuupplýsingar fyrir hönd félagsins samkvæmt vinnslusamningi:

- Keldan ehf. (Hluthafaskrá) — KYC-kerfi fyrir áreiðanleikakönnun, PEP-skimun og þvingunarlistaskimun
- Google LLC (Google Workspace) — tölvupóstþjónusta og skjalavarsla á Google Drive
- Payday ehf. — bókhalds- og sölukerfi
- bilasolur.is — vefsöluvettvangur og rafræn undirritun samninga
- Arion banki — greiðsluvinnsla

Trucks ehf. miðlar persónuupplýsingum til eftirfarandi þriðju aðila þegar lög eða lögmætir hagsmunir krefjast þess:

- Skatturinn (ríkisskattstjóri) — eftirlitsaðili með peningaþvættisvörnum og skattyfirvald
- Skrifstofa fjármálagreininga lögreglu (SFL) — þegar tilkynna þarf grunsamleg viðskipti
- Samgöngustofa — vegna skráningar ökutækja
- Lánastofnanir (t.d. Lykill) — þegar viðskiptamaður veitir heimild og óskar fjármögnunar
- Endurskoðendur og lögfræðingar félagsins — sem bundnir eru trúnaði

Trucks ehf. miðlar EKKI persónuupplýsingum til markaðsaðila eða annarra þriðju aðila í markaðstilgangi.

6. Flutningur upplýsinga út fyrir Evrópska efnahagssvæðið

Sumir vinnsluaðilar félagsins (m.a. Google LLC) hafa starfstöðvar utan EES. Þegar persónuupplýsingar eru fluttar út fyrir EES er það gert á grundvelli löglegrar verndar, þ.m.t. staðlaðra samningsskilmála Evrópusambandsins eða annarra viðeigandi öryggisráðstafana skv. V. kafla persónuverndarreglugerðarinnar.

7. Geymslutími

Tegund gagna	Geymslutími
Áreiðanleikakönnunargögn (AML)	5 ár frá lokum viðskiptasambands
Samningar og fylgigögn viðskipta	7 ár (bókhaldslög)
Bókhaldsgögn	7 ár (bókhaldslög)

Markaðssetningarupplýsingar	Þar til viðskiptamaður óskar afturköllunar eða 3 ár frá síðasta samskipti
Almenn samskipti (tölvupóstur o.fl.)	Að jafnaði 5 ár, eyðing eftir mati

Þegar geymslutími rennur út eru gögnin afmáð á öruggan hátt eða nafnabreytt þannig að ekki sé hægt að rekja þau til einstaklings.

8. Réttindi þín

Sem skráður einstaklingur átt þú eftirfarandi réttindi gagnvart Trucks ehf.:

- Réttur til upplýsinga um vinnsluna (15. gr. GDPR)
- Réttur til leiðréttingar rangra eða ófullkominna upplýsinga (16. gr.)
- Réttur til eyðingar (réttur til að gleymast) — takmarkast af lagaskyldu okkar til geymslu (17. gr.)
- Réttur til takmörkunar á vinnslu (18. gr.)
- Réttur til andmæla þegar vinnsla byggir á lögmætum hagsmunum (21. gr.)
- Réttur til afhendingar gagna á yfirferanlegu sniði (20. gr.)
- Réttur til að afturkalla samþykki þegar vinnsla byggir á samþykki

Til að nýta þessi réttindi sendu beiðni á tengilið persónuverndar (sjá kafla 2). Við svörum innan eins mánaðar frá móttöku beiðinnar.

Athuga ber að réttindi til eyðingar og andmæla eru takmarkaðari þegar vinnsla byggir á lagaskyldu (t.d. AML-vinnsla og bókhald). Í þeim tilvikum getur Trucks ehf. ekki orðið við ósk um eyðingu meðan lagaskyldur til geymslu eru í gildi.

9. Sjálfvirk ákvarðanataka

Trucks ehf. notar ekki sjálfvirka ákvarðanatöku, þ.m.t. persónusniðsgreiningu, sem hefur réttaráhrif fyrir hinn skráða eða snertir hann verulega.

10. Öryggi persónuupplýsinga

Trucks ehf. tryggir öryggi persónuupplýsinga með viðeigandi tæknilegum og skipulagslegum ráðstöfunum, þ.m.t.:

- Aðgangsstýringum að upplýsingakerfum félagsins
- Tvíþættri sannvottun á öllum aðgangi
- Vinnslusamningum við alla vinnsluaðila
- Þjálfun starfsmanna á persónuvernd og trúnaði

- Reglulegri endurskoðun öryggisráðstafana

11. Vafrakökur

Vefsíða Trucks ehf. og söluvettvangur á bilasolur.is nota vafrakökur til að bæta upplifun notenda og safna heildstæðum tölfræðiupplýsingum. Nánari upplýsingar um vafrakökur er að finna á viðkomandi vefsíðum.

12. Breytingar á stefnunni

Trucks ehf. áskilur sér rétt til að breyta þessari persónuverndarstefnu. Breytingar taka gildi þegar þær eru birtar á vef félagsins eða með öðrum hætti tilkynntar viðskiptamönnum. Útgáfa og dagsetning kemur fram á forsiðu skjalsins.

13. Samband og kvörtun

Hafir þú spurningar um þessa persónuverndarstefnu eða vinnslu Trucks ehf. á persónuupplýsingum, hafðu samband við tengilið persónuverndar (sjá kafla 2).

Telji þú að Trucks ehf. hafi brotið gegn persónuverndarlögum, getur þú lagt fram kvörtun hjá Persónuvernd:

Persónuvernd	Rauðarárstíg 10, 105 Reykjavík
Sími	510 9600
Vefur	www.personuvernd.is
Netfang	postur@personuvernd.is